

# Fjöldi sjúkrarúma á Íslandi miðað við nágrannabjórðirnar

Ingvar Freyr Ingvarsson

hagfræðingur Læknafélags Íslands

ingvar@lis.is

Í kjölfar heimsfaraldurs COVID-19 hafa útgjöld til heilbrigðismála aukist verulega. Þannig hækkaði meðaltal heilbrigðisútgjalda sem hlutfall af landsframleiðslu í ríkjum OECD úr 8,8% árið 2019 í 9,7% árið 2020. Ísland er þar engin undantekning þar sem heilbrigðisútgjöld sem hlutfall af landsframleiðslu fóru úr 8,6% árið 2019 í 9,8% árið 2020.

Sé litið á mannafláþróun sést að læknum og hjúkrunarfræðingum hefur fjölgað undanfarinn áratug í nær öllum OECD-ríkjum.<sup>1</sup> Á Íslandi var fjöldi starfandi lækna á hverja 1000 íbúa um 3,9 árið 2019 (OECD) og hjúkrunarfræðinga um 9,52 (Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga). Meðaltal OECD-ríkjana þetta sama ár á hverja 1000 íbúa var um 3,6 lækna og 8,8 hjúkrunarfræðingar. Þótt læknum og hjúkrunarfræðingum hafi fjölgað undanfarinn áratug er skortur viðvarandi víða, meðal annars vegna breyttrar aldurs-samsetningar og nú síðast viðbótarálags vegna COVID-19, sem hefur myndað umframeftirspurn eftir heilbrigðisþjónustu. Heilbrigðiskerfið hefur því víða lent í klemmu vegna þessa mikla bills sem er á milli framboðs og eftirspurnar. Það er því ekki að undra að lífleg umræða hafi skapast um heilbrigðisþjónustu hér á landi sem og annars staðar.

Fjöldi sjúkrarúma gefur vísbendingu um úrræði sem eru tiltæk til að veita nauðsynlega heilbrigðisþjónustu. Á árunum 2009 til 2019 fækkaði sjúkrarúmum á hverja 1000 íbúa í mörgum OECD-ríkjum. Mest fækkaði í Finnlandi, eða um rúmlega helming, það er um það bil þrjú rúm á hverja 1000 íbúa. Á Íslandi, Lettlandi, Lúxemborg, Noregi og Hollandi fækkaði á þessum árum um eitt rúm eða fleiri á hverja 1000 íbúa. Hluta af fækkuninni má rekja til framfara í heilbrigðistækni sem meðal annars hefur leitt til þess að fleiri sjúklingar fara heim samdægurs eftir skurðaðgerð. Einnig

hefur fækkun orðið vegna aukinnar nýtingar á dagdeildarþjónustu sem er hluti af viðtækri stefnu um að fækka innlögnum á sjúkrahúsum.

Myndin hér fyrir neðan sýnir fjölda sjúkrarúma á hverja 1000 íbúa í Evrópuríkjum árið 2019. Þar má sjá að árið 2019 var Þýskaland með hlutfallslega flest sjúkrarúm, eða 8 á hverja 1000 íbúa. Flest Evrópulönd eru með á bilinu þrjú til sjö sjúkrarúm á hverja 1000 íbúa. Í löndum OECD voru árið 2019 að meðaltali 4,4 sjúkrarúm á hverja 1000 íbúa. Fjöldi sjúkrarúma á Íslandi árið 2019 var undir báðum meðaltölum, eða 2,8 sjúkrarúm á hverja 1000 íbúa.


Til að bregðast við gífurlegri eftirspurn og þá sérstaklega til að hámarka leguþláss gjörgæsludeilda hefur verið gripið til eftirfarandi aðgerða:

- *Skipulögð umbreyting annarra klínískra deilda í COVID-deildir*
- *Stofnun vettvangsjúkrahúsa*
- *Flutningur sjúklinga á stofnanir með laus rými*
- *Samstarf við einkasjúkrahús*

starfa.<sup>3</sup> Sum lönd hafa einnig getað fengið starfsfólk frá löndum þar sem áhrifa heimsfaraldursins hefur gætt minna. Af mörgum ástæðum, til að mynda vegna landfræðilegrar legu Íslands og smæðar heilbrigðiskerfisins, er örðugra og jafnvel ómögulegt að grípa til margra af þeim aðgerðum sem nefndar eru hér að framman. Íslenska heilbrigðiskerfinu er þannig að mörgu leyti sniðinn þrengri stakkur en nágrannaríkjunum, þegar kemur að neyðarúrræðum.

Mikilvægt er að efla getu heilbrigðiskerfisins til að bregðast við alvarlegum uppákomum, til dæmis hópslysum, öldrunartengdum sjúkdómum og árstíðarbundnum smitsjúkdómum ásamt heimsfaraldri eins og nú geisar. Eins þarf að tryggja mönnum heilbrigðiskerfisins bæði nú og í náinni framtíð.

Mikilvægt er að stefnumótendur tryggi mannafla og fjölda sjúkrarúma á sjúkrahúsum til þess að geta tekist á við framtíðar-áskoranir í heilbrigðisþjónustu.



Annar mikilvægur þáttur hefur verið að fresta valkvæðum innlögnum og aðgerðum. Þá hafa lönd brugðist við skorti á heilbrigðisstarfsmönnum með því að kalla eftir starfsfólki á eftirlaunum ásamt því að fá lækna- og hjúkrunarnema til

## Heimildir

1. Health at a Glance 2021: OECD Indicators. OECD, París.
2. Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga: hjukrun.is/um-fih/frettir/stok-frett/2021/09/01/OECD-a-villigotum/ - nóvember 2021.
2. Health at a Glance: Europe 2020: State of Health in the EU Cycle. OECD/Evrópusambandið, París.